

REGLUGERÐ um aflífun búfjár.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið, orðskýringar og yfirumsjón.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir óþarfa streitu, sársauka eða þjáningu búfjár við slátrun og aflífun.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um meðferð, skorðun og aflífun búfjár. Reglugerð þessi gildir einnig um aflífun búfjár vegna sjúkdómavarna.

3. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aflífun: Sérhver aðferð sem leiðir til dauða.

Búfé: Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín sbr. lög nr. 103/2002 um búfjárhald.

Deyfing: Hver sú aðgerð sem veldur tafarlausu meðvitundarleysi.

Gámur: Vistarvera óháð stærð sem notuð er við flutninga búfjár en er ekki flutningatæki.

Hópaflífun: 100 dýr eða fleiri.

Móttaka: Rými þar sem fuglar eru geymdir fyrir aflífun.

Rafrotari: Rafbúnaður til deyfingar alifugla í vatnsbaði.

Rafstautur: Sérhannað tæki sem gefur rafstuð í þeim tilgangi að fá dýr til að hreyfa sig úr stað sem ekki vilja það.

Skorðun: Aðferð sem beitt er til að takmarka hreyfingar dýrs fyrir deyfingu eða aflífun sbr. viðauka II.

Slátrun: Aflífun búfjár vegna nýtingar afurða til manneldis.

Sláturdýr: Alifuglar, geitfé, hreindýr, hross, kanínur, nautgripir, sauðfé, svín og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

Sláturhús: Aðstaða sem er löggilt af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til slátrunar búfjár í atvinnuskyni.

Stunga: Opnun hálsslagæða eða æða í brjóstholssinngangi í þeim tilgangi að láta dýri blæða út.

Ungar: Alifuglar yngri en 72 klst. sem ekki hafa verið fóðraðir.

4. gr.

Yfirstjórn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessari reglugerð. Matvælastofnun fer með framkvæmd þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt. Leiki á grunur um að meðferð dýra brjóti gegn reglugerð þessari ber þeim sem verða þess varir að tilkynna það Matvælastofnun.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

5. gr.

Almenn velferð dýra.

Bannað er að valda dýrum óþarfa streitu, sársauka eða þjáningu við meðferð, skorðun, deyfingu og aflífun þeirra.

6. gr.

Meðferð við slátrun og aflífun búfjár í sláturhúsum.

Sláturhúsrétt/móttaka og banaklefi í sláturhúsum skulu vera þannig gerð, útbúin og starfrækt að sláturdýr verði ekki fyrir óþarfa streitu, sársauka eða þjáningu.

Um sláturdýr gildir eftirfarandi:

1. Meðferð þeirra í sláturhúsi skal vera samkvæmt ákvæðum viðauka I.
2. Við skorðun þeirra skal fara að ákvæðum viðauka II.
3. Við deyfingu eða aflífun skal fara að ákvæðum viðauka III.
4. Við stungu og hálsskurð skal fara að ákvæðum viðauka IV.

Banaklefi, nauðsynleg tæki og búnaður til deyfingar og aflífunar skal vera þannig hannaður og gerður að deyfingin og aflífunin verði skjót og örugg. Allur búnaður skal vera í lagi og vel við haldið, hann skal nota eins og til er ætlast og fylgjast skal reglulega með því að hann starfi eðlilega. Viðeigandi varabúnaður skal vera til staðar til nota í neyðartilvikum.

7. gr.

Aflífun búfjár utan sláturhúsa.

Ef sláturdýrum er slátrað utan sláturhúsa skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, skal fylgja ákvæðum í viðaukum II tölul. 1-4, III og IV.

Ef aflífa þarf búfé af öðrum ástæðum en vegna slátrunar skal það gert samkvæmt ákvæðum viðauka V. Loðdýr skulu aflífuð samkvæmt ákvæðum viðauka VI. Ungar og fóstur í eggjum í útungunarstöðvum skulu aflífuð með skjótum hætti samkvæmt ákvæðum viðauka VII.

Slasað eða sjúkt búfé sem nauðsynlegt er að aflífa, skal aflífa á staðnum. Dýralæknir getur þó heimilað flutning þess í sláturhús enda feli flutningurinn ekki í sér aukna þjáningu fyrir dýrin.

8. gr.

Fræðsla og hæfni.

Starfsfólk sem vinnur með dýr í sláturhúsrétt/móttöku og við aflífun sláturdýra skal hafa nauðsynlega þekkingu og hæfni til starfans. Sláturleyfishafi ber ábyrgð á að starfsfólk sem vinnur með sláturdýr fái fræðslu um dýravernd og góða meðferð og meðhöndlun dýra í sláturhúsrétt/móttöku, við deyfingu, aflífun og stungu.

Aflífun dýra utan sláturhúsa skal framkvæmd af ábyrgum aðilum sem hafa til þess nauðsynlega þekkingu og hæfni. Leita skal samþykkis Matvælastofnunar á ábyrgðaraðila við hópaflífun.

III. KAFLI

Þvingunarúrræði og viðurlög.

9. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn þessari reglugerð fer skv. 16. gr. og 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

IV. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

10. gr.

Heimild til undanþágu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá reglugerð þessari að fenginni umsögn Matvælastofnunar.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o fl. og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 158/1957, um slátrun búfjár o.fl. Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af tilskipun Evrópuráðsins nr. 93/119/EB.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 14. júlí 2011.

F. h. r.
Kristinn Hugason.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

VIÐAUKI I

Meðferð dýra í sláturhúsum.

1. Í sláturhúsum skal vera fullnægjandi aðstaða og búnaður til að taka sláturdýr af flutningatækjum.
2. Þegar komið er í sláturhús skal taka dýr af flutningatækjum eins fljótt og auðið er. Sé það ekki unnt skal tryggja dýrunum skjól gegn veðri og vindum, hæfilegt hitastig og góða loftræstingu.
3. Sé hætta á að dýr skaði hvert annað skal halda þeim aðskildum eftir tegundum, kyni, stærð og aldri í mismunandi hjörðum eða stúum.
4. Kanna skal ástand og líðan sláturdýra a.m.k. kvölds og morgna.
5. Óheimilt er að draga dýr sem ekki getur gengið að banaklefa, heldur skal deyfa það eða aflífa þar sem það liggur ella flytja það á vagni að sjúkrahúsi, valdi það dýrinu ekki ónauðsynlegum þjáningum.
6. Gólf skulu vera stöm og skilrúm vera þar sem þeirra er þörf. Skábrautir, göng og brýr skulu vera með heilum hliðum eða grindum sem varna því að dýrin geti fallið af þeim. Halli á skábrautum við inn- eða útgönguleiðir skal vera sem minnstur.
7. Reka skal dýr með nærgætni og þannig að hjarðeðli þeirra nýtist sem best. Óheimilt er að hræða þau, æsa upp eða fara illa að þeim og með þau. Við rekstur skal gæta þess að þau séu ekki felld. Óheimilt er að lyfta dýri upp á höfði, hornum, eyrum, hala eða hári, þannig að það valdi þeim óþarfa sársauka og streitu. Þegar þörf krefur skal teyma hvert dýr fyrir sig.
8. Rafstauta skal einungis nota í sláturhúsum þegar það er nauðsynlegt. Í þeim tilvikum sem nauðsynlegt er að nota rafstauta skulu þeir notaðir á fullorðna nautgripi og svín sem hreyfa sig ekki og aðeins þegar rými er framundan til að færa sig í. Rafstuðið skal ekki vara lengur en eina sekúndu og beitt á lend dýranna. Óheimilt er að nota rafstauta endurtekið þegar dýrið bregst ekki við með því að hreyfa sig.
9. Rekstrargangar skulu hannaðir og gerðir þannig að dýr verði ekki fyrir meiðslum og hjarðeðli þeirra nýtist sem best við rekstur.
10. Óheimilt er að færa dýr í banaklefa eða á banafæriband nema unnt sé að aflífa þau tafarlaust.
11. Sláturhúsrétt/móttaka skal vera yfirbyggð með nægilega mörgum stúum eða dilkum til að geyma dýr, sbr. reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða. Um þær gilda einnig eftirfarandi ákvæði:
 - a. Gólf skulu vera stöm og laus við þröskulda eða þrep.
 - b. Loftræsting skal vera fullnægjandi og taka tillit til hámarks fráviks vegna hita og raka.
 - c. Lýsing sem hæfir dýrategund og skal hún vera þannig að kleift sé að fylgjast stöðugt með dýrunum.
 - d. Útbúnaður skal vera til staðar til að binda dýr, þar sem það á við.
12. Ungir kálfar skulu hafa þurr og hlýtt legusvæði í sláturhúsrétt og þeim skal slátra svo fljótt sem auðið er og innan 24 klst.

13. Dýrum sem ekki er slátrað strax eftir komu í sláturhús skal tryggja aðgang að góðu drykkjarvatni og þau fóðruð sé þeim ekki slátrað innan 24 klukkustunda frá komu. Séu dýr fóðruð skulu þau öll geta étið óhindrað.
14. Ávallt skal vera nægilegt rými í sláturhúsrétt til þess að dýrin geti auðveldlega lagst niður.
15. Séu gámar notaðir til dýraflutninga skal meðhöndla þá með varkárni. Ekki má kasta þeim til, láta þá falla niður eða velta þeim. Gáma skal hafa í láréttri stöðu.
16. Dýr sem koma í flutningstækjum eða gámum með stillanlegum gölfum skal losa af þeim með mikilli gætni til þess að koma í veg fyrir meiðsli og óþarfa þjáningu.
17. Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Gæta skal þess að lifandi dýr sjái ekki hálsskorin eða blæðandi dýr.

VIÐAUKI II

Skorðun á dýrum fyrir deyfingu eða aflífun.

1. Skorða skal dýr á viðeigandi hátt þannig að þeim sé hlíft við sársauka, þjáningum, geðshræringu, meiðslum eða skaða.
2. Óheimilt er að hengja upp dýr áður en þau eru deyfð eða aflífuð. Þó má hengja upp ódeyfða alifugla séu þeir deyfðir tafarlaust (lágmark innan mínútu).
3. Við deyfingu eða aflífun dýra skulu þau skorðuð þannig að auðvelt sé að koma fyrir deyfingunni eða aflífunarbúnaði með nákvæmni og öryggi.
4. Óheimilt er að nota raftöng til að skorða dýr eða til að reka þau áfram.
5. Haus nautgripa skal skorðaður með sérstökum búnaði til að tryggja örugga aflífun.

VIÐAUKI III

Deyfing og aflífun dýra annarra en loðdýra.

I. LEYFILEGAR AÐFERÐIR

- A. Deyfing.
 1. Pinnabyssa (rotbyssa).
 2. Rotun.
 3. Rafdeyfing.
 4. Koldíoxíðgösun.
- B. Aflífun.
 1. Riffill eða skammbyssa.
 2. Afhöfðun á alifuglum og/eða snúið úr hálslíð enda sé fylgt III. kafla, viðauka III.
 3. Raflost eða koldíoxíðgösun.
- C. Matvælastofnun getur heimilað notkun annarra gastegunda við deyfingu.

II. SÉRSTÖK SKILYRÐI VARÐANDI DEYFINGU

Óheimilt er að deyfa dýr nema unnt sé að stinga þau eða hálsskera strax.

1. Pinnabyssa.
 - a. Dýr skal deyfa eða aflífa strax og þau eru komin í banaklefa eða á banafæriband. Óheimilt er að skorða höfuð dýra fyrir en skotmaðurinn er tilbúinn að deyfa þau.
 - b. Tryggja skal að pinninn fari gegnum heilabörkinn. Óheimilt er með öllu að skjóta nautgripi í hnakkann. Sauðfé og geitfé skal skjóta í krúnu en þó má skjóta hyrndar kindur og geitur í hnakkann. Þá skal skjóta rétt aftan við hornstæðið, í átt að kjafti og dýrið verður að stinga eða hálsskera innan 15 sekúndna frá því að skotið reið af.
 - c. Þegar pinnabyssa er notuð skal ganga úr skugga um að pinninn dragist til baka eftir hvert skot. Gerist það ekki er óheimilt að nota byssuna aftur fyrir en gert hefur verið við hana.
2. Rotun.

- a. Rotun er aðeins heimil sé við hana notaður viðeigandi búnaður sem gefur högg á hauskúpu. Tryggja skal að höggið komi á réttan stað og styrkleiki hleðslunnar roti dýrið en mólvi ekki hauskúpu þess.
3. Rafdeyting.
 - A. Rafskaut/raftöng.
 1. Rafskautum skal komið fyrir þannig að þau spanni heilann og rafstraumurinn fari gegnum hann. Þess skal vandlega gætt að rafleiðni sé góð, t.d. með því að bleyta ull eða húð.
 2. Tæki til rafdeytingar skal hafa innbyggðan búnað sem mælir viðnám sjálfkrafa og hleypir ekki straumi á nema tryggt sé að lágmarksstraumur deyfi dýrin. Tækið skal hafa mæla eða ljós sem gefa til kynna að það starfi eins og til er ætlast og í tilskilinn tíma og einnig vera tengt búnaði sem sýnir spennu og straumstyrk undir álagi.
 3. Straumstyrkur skal vera 1,3 A fyrir svín og 1,0 A fyrir sauðfé og geitfé. Nota skal 50 Hz riðstraum. Réttur straumstyrkur skal nást innan 0,5 sekúnda eftir að straumi er hleypt á og haldast í minnst 3 sekúndur.
 4. Varabúnaður, pinnabyssa, þarf ætíð að vera tiltækur í banaklefa ef annar búnaður bregst.
 - B. Deyting í vatnsbaði.
 1. Þegar vatnsbað er notað til að deyfa alifugla þarf að vera hægt að stjórna vatnsborðshæð, þannig að gott leiðnisamband sé við höfuð fuglsins.
 2. Sé notaður lágtíðni rafrotari með minna en 200 Hz riðstraum skal straumstyrkur vera 100 mA fyrir hvern kjúkling, 250 mA fyrir hvern kalkún, 130 mA fyrir hverja önd eða gæs. Réttur straumstyrkur skal nást innan 0,5 sekúnda eftir að straumi er hleypt á og haldast í minnst 3 sekúndur.
 3. Sé notaður háttíðni rafrotari með meira en 400 Hz riðstraum skal straumstyrkur vera 200 mA fyrir hvern kjúkling. Réttur straumstyrkur skal nást innan 0,5 sekúnda eftir að straumi er hleypt á og haldast í minnst 8 sekúndur.
 4. Þegar margir alifuglar eru deyfðir í einu í vatnsbaði þarf að viðhalda nægilegri rafspennu til að framleiða rafstraum sem er nógu sterkur til að deyfa alla fuglana.
 5. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til þess að rafstraumurinn berist vel, sérstaklega tryggja góðar tengingar og bleyta upphengjur.
 6. Vatnsböð fyrir alifugla skulu vera nægilega stór og djúp fyrir þá fuglategund sem slátra á og ekki má flæða yfir innganginn inn í vatnsbaðið. Rafskautið sem sett er í vatnið skal ná gegnum endilangt baðið.
 7. Tryggja skal að allir fuglar séu deyfðir fyrir hálsskurð.
 4. Koldíoxíðgösun.
 - a. Til að deyfa svín þarf styrkur koldíoxíðs að vera minnst 70% miðað við rúmtak.
 - b. Gasklefi fyrir svín og búnaður sem stjórnar aðgengi gegnum klefann skal vera hannaður, byggður og viðhaldið þannig að svínin verði ekki fyrir meiðslum, að brjóstkassi þeirra verði ekki fyrir þrýstingi og að dýrin geti staðið upprétt þangað til þau missa meðvitund. Tryggja verður að lýsing sé nægileg til þess að dýrin geti séð hvert annað og umhverfið.
 - c. Í klefanum skal vera búnaður til að mæla gasstyrk og gefa viðvörðun ef styrkur koldíoxíðs fer niður fyrir þau mörk sem krafist er.
 - d. Svín skal láta í stfur eða gáma þar sem þau geta séð hvert annað og þau skulu færð inn í gasklefann eigi síðar en 30 sekúndum eftir að þau eru sett í stúrnar eða gámana. Þau skulu færð eins hratt og unnt er þangað sem gasstyrkurinn er í hámarki, og þar skulu þau vera svo lengi að tryggt sé að þau séu meðvitundarlaus þangað til þau eru aflífud.

III. SÉRSTÖK SKILYRÐI VARÐANDI AFLÍFUN

1. Skammbýssa eða riffill (með lausri kúlu).

Þegar búfé er aflífað utan sláturhúsa er heimilt að nota skammbýssu eða riffil. Notkun þessara vopna er háð því að viðkomandi hafi byssuleyfi og hafi þekkingu á aflífun dýra.

2. Afhausun og snúningur úr hálslið.

Tryggja skal að þær séu framkvæmdar af hæfu starfslíði og í samræmi við markmið reglugerðar þessarar.

3. Aflífun með raflosti eða koldíoxíðgösun.

Matvælastofnun getur heimilað aflífun dýra með þessum aðferðum að því tilskildu að þær séu í samræmi við sérstök ákvæði sem tilgreind eru í liðum II (3) og (4) í viðauka þessum og markmið reglugerðar þessarar. Í heimild skal tilgreina styrk og tímalengd rafstraumsins sem nota á, styrk koldíoxíðs eða annarra gastegunda og hversu lengi dýrin skuli gösuð.

**VIÐAUKI IV
Blóðtæming dýra.**

1. Dýr skal stinga eða hálsskera eins fljótt og unnt er eftir deyfingu og með þeim hætti að dýrunum blæði hratt og vel út. Ávallt skal stinga dýr eða hálsskera áður en þau komast til meðvitundar.
2. Öll dýr sem deyfð hafa verið skulu blóðtæmd með því að skera á báðar hálsslagæðar eða æðar í brjóstholinnngangi. Í tilviki alifugla er ekki nauðsynlegt að skera báðar hálsslagæðar nema 5. töluliður eigi við. Fyrirrista eða fláning er óheimil fyrr en blæðingu er að fullu lokið.
3. Þegar einn starfsmaður annast skorðun, deyfingu, upphengingu og stungu eða hálsskurð skal hann ljúka framangreindum verkþáttum á sérhverju dýri áður en hann skorðar næsta dýr.
4. Þegar alifuglar eru hálsskornir með sjálfvirkum hnífum skal vera til staðar handvirkur varabúnaður þannig að unnt sé að hálsskera fugla þegar í stað ef sjálfvirki búnaðurinn bilar eða bregst af einhverjum ástæðum.
5. Tryggja skal að báðar hálsslagæðar alifugla séu skornar ef hátíðni rafrotari er notaður til deyfingar.

**VIÐAUKI V
Aflífun við aðrar aðstæður en slátrun.**

Leyfilegar eru allar aðferðir sem heimilaðar eru skv. viðauka III.

Matvælastofnun getur þó, í samræmi við markmið reglugerðar þessarar, heimilað aðrar aðferðir til aflífunar. Ævinlega skal þó tryggja að dýrin séu aflífuð eins fljótt og auðið er áður en þau komast á ný til meðvitundar (t.d. við notkun pinnabyssu).

Jafnframt skal tryggja að dýrin séu dauð áður en nokkuð frekar er gert við þau.

**VIÐAUKI VI
Aðferðir við aflífun loðdýra.****I. LEYFILEGAR AÐFERÐIR**

1. Skotvopn. Skot í heila.
2. Hæfilegur skammtur af efni til aflífunar.
3. Raflost sem veldur hjartastoppi.
4. Kolmónoxíðgösun.
5. Klóróformgösun.
6. Koldíoxíðgösun.

Matvælastofnun tekur ákvörðun um það hvaða aflífunaraðferðir eiga best við hverja dýrategund, með tilvísun til markmiða reglugerðar þessarar.

II. SÉRSTÖK SKILYRÐI

1. Skotvopn.
 - a. Byssu skal miða þannig að skotið fari gegnum heilabörkinn.
 - b. Skylt er að stinga eða hálsskera dýrið eftir að það hefur verið skotið.
2. Hæfilegur skammtur af efni til aflífunar.
 - a. Aflífunarefnið skal vera samþykkt af Matvælastofnun. Aflífunarefni skal gefa á þann hátt og í skömmtum sem valda þegar í stað meðvitundarleysi og síðan dauða.
3. Raflost sem veldur hjartastoppi.
 - a. Staðsetja skal rafskaut þannig að þau spanni heila og hjarta og lágmarksstraumur sem notaður er verður að valda tafarlausu meðvitundarleysi og hjartastoppi. Þegar rafskaut eru sett í kjaft og endaparm refa verður að nota að meðaltali 0,3 A straum minnst í 3 sekúndur.
4. Kolmónoxíðgösun.
 - a. Gasklefinn sem dýrin eru sett í skal hannaður, byggður og honum viðhaldið þannig að dýrin verði ekki fyrir meiðslum og unnt sé að fylgjast með þeim.
 - b. Til aflífunar loðdýra af marðarætt (*mustelidae*) og nagdýraætt (*chincilla*) er einungis heimilt að nota kolmónoxíðgas sem er aðlagð til aflífunar. Gasið skal vera hæfilega kælt og það vel síað að það sé laust við ertandi efni. Óheimilt er að setja dýr inn í klefann fyrr en styrkur kolmónoxíðs í honum er hærri en 1% miðað við rúmtak. Ávallt skulu vera til nægar birgðir af hreinu kolmónoxíði.
 - c. Við innöndun skal gasið fyrst valda djúpu meðvitundarleysi og síðan öruggum dauða.
 - d. Dýrin skulu höfð í klefanum þangað til þau eru dauð.
5. Klóróformgösun. Klóróformgösun má nota til aflífunar loðdýra af nagdýraætt (*chinchilla*) að því tilskildu að:
 - a. gasklefinn sem dýrin eru sett í sé hannaður, byggður og honum viðhaldið þannig að dýrin verði ekki fyrir meiðslum og unnt sé að fylgjast með þeim;
 - b. dýrin séu ekki látin inn í klefann fyrr en loftið í honum er mettað af klóróformi;
 - c. við innöndun skal gasið fyrst valda djúpu meðvitundarleysi og síðan öruggum dauða;
 - d. dýrin séu höfð í klefanum þangað til þau eru dauð.
6. Koldíoxíðgösun. Koldíoxíðgösun er heimilt að nota til að aflífa loðdýr af marðarætt (*mustellidae*) og nagdýraætt (*chinchilla*) að því tilskildu að:
 - a. gasklefinn sem dýrin eru sett í sé hannaður, byggður og honum viðhaldið þannig að dýrin verði ekki fyrir meiðslum og unnt sé að fylgjast með þeim;
 - b. dýrin séu ekki látin í klefann fyrr en loftið inniheldur hámarksstyrk af koldíoxíði og fyrir hendi séu nægilegar birgðir af 100% koldíoxíði;
 - c. við innöndun skal gasið fyrst valda djúpu meðvitundarleysi og síðan öruggum dauða;
 - d. dýrin séu höfð í klefanum þangað til þau eru dauð.

VIÐAUKI VII

Aflífun umfram unga og fóstura í óklöktum eggjum í úrgangi útungunarstöðva.

I. LEYFILEGAR AÐFERÐIR TIL AFLÍFUNAR UNGA

1. Notkun tækja sem valda skjótum dauða.
2. Koldíoxíðgösun.
3. Matvælastofnun getur þó heimilað notkun annarra faglegra viðurkenndra aflífunaraðferða að því tilskildu að þær samræmist markmiðum reglugerðar þessarar.

II. SÉRSTÖK SKILYRÐI

1. Notkun tækja sem valda skjótum dauða.
 - a. Aflífun með tækjum sem búin eru hnífum eða löngum plastþráðum sem snúast hratt og sjálfvirkt.
 - b. Afköst tækisins skulu vera nægilega mikil til að tryggja að öll dýr séu deydd samstundis enda þótt um mikinn fjölda geti verið að ræða í einu.
2. Koldíoxíðgösun.
 - a. Ungarnir skulu ekki látnir í klefann fyrir en loftið inniheldur hámarksstyrk af koldíoxíði og fyrir hendi séu nægilegar birgðir af 100% koldíoxíði.
 - b. Ungarnir skulu vera í þessu lofti þangað til þeir eru dauðir.

III. LEYFILEG AÐFERÐ TIL AFLÍFUNAR FÓSTRA Í ÓKLÖKTUM EGGJUM

1. Fóstur í óklöktum eggjum skal aflífa með skjótum hætti skv. II. lið 1. a.
2. Matvælastofnun getur þó heimilað notkun annarra faglegra viðurkenndra aflífunaraðferða, að því tilskildu að þær samræmist markmiðum reglugerðar þessarar.